

Fundargerð stjórnar BÍS 20/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 19. október 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð stjórnar: Samþykkt. Skýrsla um NOPOLK 2011, lögð fram og rædd. Erindisbréf vinnuhópa alþjóðaráðs um International Award og Hjálparstarf lögð fram og samþykkt.
3. Nýr starfsgrunnur:
 - a. Útgáfa: Handbók dróttskátafóringja kom út á föstudaginn.
 - b. Staðan: Um 30 manns tóku þátt í námskeiði sl. helgi sem fjallaði um kjarnann í „Skátaaðferðinni“. Fyrsti fundur með svæðisfóringjum var haldinn sl. sunnudag og þar voru lögð drög að dagskrá starfs þeirra fram í febrúar 2012.
 - c. Næstu skref: Rætt var námskeiðahald og samþykkt að halda sig við lágmarksþátttöku 15 manns, en reyna frekar að safna saman félögum en halda mjög fámenn námskeið.
4. Fjármál: FF kynnt drög að níu mánaða uppgjöri. Staðan er mjög nálægt jafnvægi í tekjum og gjöldum.
5. Fullorðnir í skátastarfi: ÓP kynnti hugmyndir sínar um nauðsyn þess að fjölga verulega fullorðnum í skátastarfi. Til þess að styðja vel við nýjan dagskrárgrunn þurfum við mun fleiri fullorðna sveitar- og aðstoðarsveitarfóringja en við nú höfum. Til þess að laða að fleira fólk þurfum við að bjóða því eitthvað „fyrir það sjálft“. Endurskoðun fræðslumála skátahreyingarinnar er lyklatríði í þessu. ÓP dreifði efni um uppbyggingu fræðslumála hjá sænsku skátunum. Þurfum að skoða með opnum huga hvernig við getum nýtt okkur samstarf við önnur samtök. Samþykkt að skipa vinnuhóp undir forystu ÓP til að gera greiningu á stöðunni.
6. Skátaping 2012: Athugasemdir hafa komið við dagsetningu Skátapings 2012, vegna nálægðar þess við páska. Stjórn BÍS samþykkir að færa þingið fram um tvær vikur og verður Skátaping 2012 sett föstudaginn 16. mars.
7. Starfsáætlun stjórnar fyrir 2012: HS lagi fram drög, HS, HGH og BAÁ vinna málið áfram.
8. Vika 43: Forvarnaverkefnið Vika 43 er á dagskrá í næstu viku. JA kynnti yfirlýsingu. Samþykkt að BÍS taki þátt í verkefninu.
9. Önnur mál:
 - a. Starfsmannamál: HS fór yfir.
 - b. Rekka- og Róverskátastarf: Rædd var þörfin á því að hefja undirbúning að gerð dagskrárefnis fyrir Rekka- og Róverskáta. Samþykkt að JIB og ÓP komi með tillögur að verkáætlun á næsta fund.
 - c. Dagskrárefni frá WOSM og WAGGGS: Stjórn fjallaði um þá staðreynd að það efni sem nýtt hefur verið við gerð „Skátadagskrárinnar“ hefur eingöngu verið sótt til WOSM en ekki WAGGGS. Stjórn BÍS er meðvituð um þetta og byggist þetta á því að hjá WOSM er til heilsteypt dagskrárefni sem unnt hefur verið að nýta við þessa vinnu. Hjá WAGGGS er á hinn bóginn ekki til

sambærilegt efni, en þar er hins vegar að finna mikið af mjög góðu efni sem nýta má sem einstök dagskráartilboð og mun það verða gert.

- d. Land á Þingvöllum: JA greindi frá því að fundist hefðu bréfaskriftir milli BÍS og Þingvallanefndar sem skýrðu stöðu málsins nokkuð. Greinilega væru möguleikar skáta til nýtingar þessa lands mjög takmarkaðir.
- e. Heiðursmerki: ÓP fór á fund St. Georgsgildisins í Hafnarfirði fimmtudaginn 13. Október og afhenti Ólafi Guðmundssyni, Hraunbúum og St. Georgsgildinu í Hafnarfirði Þórshamarinn úr silfri.

Fleira ekki rætt

Fundargerð ritaði JA

Fundi slitið 20:30